

## Nova Klúbburinn birtir uppgjör annars ársfjórðungs

### Helstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.217 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2023 samanborið við 3.150 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári sem skilar 2,1% heildar tekjuvexti á fjórðungnum á milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.432 m.kr. og vaxa um 185 m.kr. sem er 8,2% vöxtur á milli ára. Vörusölu tekjur námu samtals 473 m.kr. og dragast saman um 120 m.kr. sem er 20,2% lækkun á milli ára. Aðrar tekjur vaxa um 0,6% milli ára.
- EBITDA nam 973 m.kr. samanborið við 832 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 17,0% á milli ára, EBITDA hlutfallið var 30,3% á fjórðungnum samanborið við 26,4% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 435 m.kr. samanborið við 337 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 29,0% milli ára.
- Hagnaður tímabilsins var 121 m.kr. og hækkar um 76,4% á milli ára.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 959 m.kr. samanborið við 880 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir námu í lok tímabilsins samtals 11.805 m.kr. .
- Heildarfjárfestingar á öðrum ársfjórðungi námu 649 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 39,5% í lok fjórðungsins og eigið fé nam 9.247 m.kr.
- Nova er Fyrirtæki ársins fjórða árið í röð.
- Uppbygging 5G gengur samkvæmt áætlun og prófanir eru hafnar á næstu kynslóð 5G, Nova er með þeim fyrstu í Evrópu til þess að hefja slíkar prófanir.

### Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:

„Árið er hálfnað, staðan í hálfleik er góð og rekstrarniðurstaða annars ársfjórðungs er samkvæmt okkar áætlun. Sem fyrr er dansinn taktfastur, viðskiptavinum fjölgar á dansgólfinu og samkeppnin er mikil um dansfélaga sem gerir leikinn enn skemmtilegri. Við viljum halda áfram að leggja okkur fram við að efna loforð okkar um að viðskiptavinir fái alltaf mest fyrir peninginn hjá Nova, bæði með því að skora á okkur sjálf og samkeppnina.

Lykillinn að ánægju viðskiptavina er ánægt starfsfólk og við hjá Nova höfum haft fjölbreytni liðsins okkar í fyrirrúmi enda erum við þeirrar skoðunar að það sé forsenda fyrir góðum árangri. Við erum ótrúlega stolt af því að hafa verið útnefnd Fyrirtæki ársins fjórða árið í röð og verið fyrirmyndarfyrirtæki af hálfu VR frá því fyrirtækið var stofnað.

Nova vill vera fyrst inn í framtíðina með snjallar lausnir og hefur verið leiðandi í innviðauppgjöngu farsímanets á Íslandi. Við viljum þannig tryggja besta netsambandið með




mikilli afkastagetu og góðri upplifun notenda. Uppbygging 5G er samkvæmt áætlun og þar ætlum við að halda áfram markvissri uppbyggingu. Við erum gríðarlega spennt fyrir næstu kynslóð 5G, en við erum meðal þeirra fyrstu í Evrópu sem hefja tilraunir á nýrri tækni.”

**Helstu niðurstöður í rekstri á fyrri helmingi ársins:**

**Tekjur**

	6M 2023	6M 2022	Breyting	%
FlakkNet	3.050	2.808	242	8,6%
FastNet	1.760	1.604	157	9,8%
Vörusala	941	1.084	-142	-13,1%
Aðrar tekjur	660	626	34	5,4%
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>6.411</b>	<b>6.122</b>	<b>290</b>	<b>4,7%</b>

Heildartekjur á fyrstu sex mánuðum ársins hækkuðu um 4,7% frá fyrra ári og námu samtals 6.411 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 4.810 m.kr. og vaxa um samtals 398 m.kr. sem er 9,0% vöxtur á milli ára. Þessi vöxtur skýrist fyrst og fremst af áframhaldandi fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur námu samtals 941 m.kr. og dragast saman um 142 m.kr. sem er 13,1% lækkun á milli ára. Aðrar tekjur nema samtals 660 m.kr. á árinu og vaxa um 34 m.kr., eða um 5,4% á milli ára, sem kemur til vegna ýmissa liða svo sem auknum tekjum af samrekstri og endursölu.



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali.

## Rekstrarreikningur

	6M 2023	6M 2022	Breyting	%
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>6.411</b>	<b>6.122</b>	<b>290</b>	<b>4,7%</b>
Kostnaðarverð seldra vara	3.137	3.159	-22	-0,7%
Laun og launatengd gjöld	928	856	72	8,4%
Annar rekstrarkostnaður	423	459	-35	-7,7%
<b>Heildar rekstrargjöld</b>	<b>4.489</b>	<b>4.474</b>	<b>15</b>	<b>0,3%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>1.923</b>	<b>1.648</b>	<b>275</b>	<b>16,7%</b>
EBITDA%	30,0%	26,9%	3,1%	11,4%
Afskriftir	(-1.051)	(-965)	(-86)	8,9%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>872</b>	<b>683</b>	<b>189</b>	<b>27,7%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-523)	(-486)	(-37)	7,6%
Tekjuskattur	(-69)	(-39)	(-30)	78,2%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>280</b>	<b>159</b>	<b>122</b>	<b>76,7%</b>
Hagnaður á hlut	0,07	0,05	0,03	56,1%

Heildar rekstrargjöld nema samtals 4.489 m.kr. og hækka um 0,3% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 3.137 m.kr. og lækkar um 22 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 928 m.kr. og hækka um 72 m.kr. sem nemur 8,4% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 423 m.kr. og lækkar um 35 m.kr. sem nemur 7,7% lækkun á milli ára. Á fyrri helmingi síðasta árs voru gjaldfærðar 66 m.kr. einskiptisliðir vegna skráningar félagsins á hlutabréfamarkað undir öðrum rekstrarkostnaði. Ef leiðrétt er fyrir því hækkar rekstrarkostnaður um 30 m.kr. á milli ára sem nemur 7,6% hækkun og skýrist af almennum verðlagshækkunum og gengisbreytingum.

EBITDA hækkaði um 16,7% frá fyrra ári og nam samtals 1.923 m.kr. á tímabilinu. EBITDA hlutfall tímabilsins er 30,0% samanborið við 26,9% á sama tímabili á fyrra ári.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 27,7% og nam samtals 872 m.kr. samanborið við 683 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður tímabilsins var 280 milljónir og hækkar um 122 milljónir frá fyrra ári sem nemur 76,7% hækkun.

## Efnahagur

Fastafjármunir félagsins námu 20.599 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.989 m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lítillega vegna nýrra viðbóta og áhrifa vísitöluhækkana umfram afskriftir.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.824 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.782 m.kr. um áramót. Hærri birgðastaða milli ára tengist tímabundnum hreyfingum og er áætlað að hún lækki aftur seinna á árinu.

Eigið fé félagsins nam 9.247 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.053 m.kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall félagsins var 39,5% í lok tímabilsins samanborið við 39,8% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.367 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.138 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lítillega með nýjum viðbótum umfram afborganir.

Skammtímaskuldir félagsins námu 2.809 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.580 m.kr. um áramót.

	30.6.2023	31.12.2022
Viðskiptavild	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.721	1.637
Rekstrarfjármunir	4.133	3.863
Leigueignir	4.267	4.060
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	427	378
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.599</b>	<b>19.989</b>
Birgðir	492	411
Viðskiptakröfur	1.093	1.145
Aðrar skammtímakröfur	809	562
Handbært fé	431	665
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.824</b>	<b>2.782</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>23.424</b>	<b>22.772</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>9.247</b>	<b>9.053</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.252	2.304
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	6.195	6.039
Aðrar skuldir	2.920	2.795
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.367</b>	<b>11.138</b>
Næsta árs afb. langtímaskulda	130	129
Viðskiptaskuldir	1.188	947
Ógreiddir skattar	120	254
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	308	224
Aðrar skammtímaskuldir	1.063	1.026
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.809</b>	<b>2.580</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>14.176</b>	<b>13.718</b>

## Sjóðstreymi

	6M 2023	6M 2022
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>1.923</b>	<b>1.648</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-178)	(-82)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-362)	(-370)
Greiddir skattar	(-254)	(-85)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.128</b>	<b>1.111</b>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-944)	(-858)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-150)	(-151)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>(-1.094)</b>	<b>(-1.009)</b>
Keypt eigin bréf/Breyting á hlutfé	(-86)	3.395
Afborgun leiguskuldbindinga	(-95)	(-73)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-23)	(-19)
Afborganir langtímalána	(-66)	(-4.613)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>(-270)</b>	<b>(-1.310)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-236)	(-1.208)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	2	(-0)
Handbært fé í upphafi tímabilsins	665	2.179
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>431</b>	<b>970</b>

Veltufé frá rekstri nam 1.923 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.648 m.kr. á fyrra ári. Handbært fé frá rekstri er 1.128 m.kr. og hækkar frá 1.111 m.kr. á fyrra ári, hækkunin skýrist af hærra veltufé þó breytingar á rekstrartengdum eignum sem og greiddir skattar hafi meiri neikvæð áhrif miðað við fyrra ár. Hærra greiddir skattar eru komnir til vegna hárrar álagningar á þessu ári sem reiknast út frá hagnaði ársins 2021 sem var sérstaklega hár vegna sölu óvirkra innviða. Félagið hefur greitt tekjuskatt ársins að fullu og skilað inn framtali síðasta árs og gerir ráð fyrir að greiddur tekjuskattur leiðréttist til lækkunar í samræmi við hagnað síðasta árs þegar skatturinn klárar endurútreikning seinni hluta árs. Fjárfestingahreyfingar námu 1.094 m.kr. samanborið við 1.009 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar eru í línu við áætlanir þessa árs og áfram gert ráð fyrir að þær verði um 14%-15% af heildartekjum ársins. Fjármögnunarhreyfingar eru 270 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.310 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming síðasta árs var hlutfé hækkað um 3.395 m.kr., sem var ráðstafað til greiðslu inn á vaxtaberandi skuldir, í heildina voru greiddar samtals 4.500 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur. Í lok maí á þessu ári hóf félagið endurkaup hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars. Á tímabilinu hefur félagið keypt 19 milljónir eigin hluta fyrir heildarupphæð 86 m.kr.

## Horfur fyrir árið 2023

Í byrjun mars gaf félagið út spá fyrir árið 2023 sem gerði ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.700 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig var áætlað að heildar fjárfestingar yrðu um það bil 14%-15% af heildartekjum. Horfur út árið eru óbreyttar.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Þyngjan mun fjalla um uppgjörið og fara yfir þær spurningar sem brenna á fjárfestum og hluthöfum. Námskeið á vegum Akadémías í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef félagsins <https://www.nova.is/baksvids/daqatal>

Á fjárfestavef Nova <https://www.nova.is/baksvids/fjarfestar> geta hluthafar, fjárfestar og talnanörddar nálgast ítarlegri upplýsingar um blómlega bisnessinn hjá Nova í sögulegu samhengi!

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir sendar beint á netfangið sitt. Hægt er að senda inn spurningar á [fjarfestatengsl@nova.is](mailto:fjarfestatengsl@nova.is) en einnig er hægt að óska eftir fundi.

## Fjárhagsdagatal 2023

Árshlutauppgjör 3F 2023	25. október 2023
Uppgjörspartý: Ársuppgjör 2023	27. febrúar 2024
Aðalfundur 2024	21. mars 2024

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, [margret@nova.is](mailto:margret@nova.is), s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090.

## Tekjuflokkar

FlakkNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.
FastNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.
Vörusala	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.
Aðrar tekjur	Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.